

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/2212*  
*komudagur 12.S. 2010*

**From:** Guðrún J. Jónsdóttir [mailto:guðrun.j.jonsdottir@rsk.is]  
**Sent:** 12. maí 2010 10:41  
**To:** Hildur Eva Sigurðardóttir  
**Subject:** Í framhaldi af þingnefndarfundum þann 11. maí 2010 vegna þingmáls nr. 560.

Sæl Hildur Eva.

Til viðbótar við umsögn embættis ríkisskattstjóra dags. 28. apríl 2010 vegna þingmáls 560, og í kjölfra þingnefndarfundar þann 11. maí 2010 vegna sama þingmáls vill ríkisskattstjóri koma eftirfarandi á framfæri við nefndarmenn:

Ríkisskattstjóra þykir rétt í framhaldi af fundi í félags- og tryggingamálanefnd Alþingis hinn 11. maí 2010, þar sem m.a. var til umræðu frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, sbr. 560. mál, að benda á að samkvæmt nágildandi ákvæði 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, myndar eftirgjöf skulda í tengslum við nauðasamninga til greiðsluaðlögunar samkvæmt X. kafla a í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, ekki skattskyldar tekjur í hendi einstaklings utan rekstrar.

Í umsögn ríkisskattstjóra um greint frumvarp kemur fram að verði það að lögum falli niður X. kafli a laga nr. 21/1991 og telji embættið rétt að þá verði vísað til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga í 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003. Er enda gengið út frá því að vilji löggjafans standi ekki til neinna breytinga að því er þetta varðar og með þessu móti yrði alveg ótvírætt að eftirgjöf skulda í tengslum við greiðsluaðlögun einstaklinga myndaði ekki skattstofn.

Samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi er í 4. mgr. 24. gr. m.a. gert ráð fyrir að kveðið sé á um að sá hluti skulda sem felldur sé niður samkvæmt greiðsluaðlögun myndi ekki skattstofn. Ríkisskattstjóri vill fyrir það fyrsta taka fram að með öllu óeðlilegt er að kveða á um slíkt annars staðar en í lögum um tekjuskatt. Í annan stað er ákvæði þetta með öllu óþarft að því er varðar skuldir einstaklinga utan rekstrar, sbr. það sem fram er komið um nágildandi 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003, og nauðsynlegar breytingar á því ákvæði verði umrætt frumvarp að lögum, svo sem bent er á í umsögn ríkisskattstjóra, dags. 28. apríl 2010.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að það taki að einhverju óskilgreindu leyti til skulda sem myndast hafa í einstaklingsrekstri með ótakmarkaðri ábyrgð rekstraraðila. Um eftirgjöf rekstrarskulda gildir að hún telst ætíð til skattskyldra tekna. Afar óheppilegt er að frumvarpið taki bæði til skulda einstaklings sem tilheyra rekstri og persónulegra skulda viðkomandi og að engin skýr skil séu gerð þar á milli. Jafnframt er með öllu óljóst hvað er átt við með "... nema skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum séu lítill hluti af heildarskuldum." Svo virðist sem það mat sé sett á hendur umboðsmanna sem m.a. skapar hættu á mjög mismunandi niðurstöðum og þannig ójafnræði. Þá yrði skattareglum breytt varðandi meðferð eftirgjafar á rekstrarskuldum verði frumvarpið að lögum, þ.e. ef 4. mgr. 24. gr. frumvarpsins verður ekki breytt. Þannig yrði skattaleg meðferð eftirgjafar á rekstrarskuldum mismunandi allt eftir því hvernig eftirgjöf ber að. Er þetta með öllu óásættanlegt auk þess sem verulegur vafi hlýtur að teljast á því hvort um eðlileg vinnubrögð sé að ræða, þ.e. hvort slík breyting ætti ekki að heyra undir og hljóta afgreiðslu í efnahags- og skattanefnd. Þá má velja því fyrir sér hvort eðlilegt sé að gera slíkan mun á rekstrarskuldum hvort heldur þær stafa af rekstri með ótakmarkaðri ábyrgð eða takmarkaðri ábyrgð þegar viðkomandi eigandi rekstrar hefur í raun allt fyrirsvor og stjórn með höndum hvernig svo sem rekstrarformi er háttað. Þannig getur eigandi einkahlutafélags hafa þurft að gangast í persónulega ábyrgð fyrir rekstrarskuldum eigin félags og tæknilega verður ekki annað sé en að slíkar rekstrarskuldir geti fallið undir frumvarpið. Sambærilegar rekstrarskuldir vegna eigin rekstrar féllu aftur á móti tæpast, nema að óverulegu leyti, undir frumvarpið.

Ríkisskattstjóri telur réttast að algjör aðskilnaður verði gerður á milli skulda sem stafa af rekstri ráðandi aðila, sama í hvaða formi reksturinn er, og persónulegra skulda sama manns.

Kveðja  
Elín Alma Arthursdóttir  
Ingvar J. Rögnvaldsson